

Nd.

442. Nefndarátt

um frumvarp til laga um bann gegn áfengisauklýsingum.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Flestir þykjast hafa gengið nauðugir að kröfu Spánverja um undanþágu frá bannlögnum. Og lögin um undanþáguna og allar umræður um málið virtust sýna, að ekkert ætti að gera til þess að halda vinnu að fólki. Aðeins mátti ekki ganga svo langt, að gera undanþáguna »að engu«, eins og það var orðað í lögnum.

En á engan hátt er fremur hægt að halda vinnu að þjóðinni og auka neyslu þess en með því að auðlýsa það daglega í flestum blöðum landsins.

Þetta vill frv. það, sem hjer ræðir um, banna.

Verður ekki annað sagt en það, að leyfa slíkar auðlýsingar, stingi ger-samlega í stúf við alla bannlöggiðf vora og stingi í stúf við þá nauðung, sem undanþága bannlaganna virtist vera.

Þar að auki má segja, að sumar af þessum vinnuauklýsingum í íslenskum blöðum — öðrum auðlýsingum fremur — sjeu þannig orðaðar, að það gangi of nærri því, sem menn telja sémilegt, að sjást megi á prenti.

Þær athugasemdir hafa komið fram við frv. þetta, að ákvæði þess myndu jafnvel hindra ríkisstjórnina í því að gefa út reglugerðir samkvæmt bannlaga-undanþágunni. Það er auðvitað misskilningur. En ef til vill mætti líta svo á, að auðlýsingar um skrásetningu vörumerkja, sem snerta áfeng vín og stundum eru

í Lögbirtingablaðinu, mætti eigi taka til birtingar. En þær eru þess eðlis, að ekki þykir sjerstök ástæða tii þess að banna þær.

Þykir rjett að taka það fram í frv., að það taki eigi til auglýsinga, sem birtar eru að tilstuðlan ríkisstjórnarinnar, og ætti að mega vænta þess, að slík undanþága yrði eigi misnotuð.

Samkvæmt framansögðu leggur meiri hl. allsherjarnefndar til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU.

Aftan við 1. gr. bætist:

Þó nær þetta eigi til þeirra auglýsinga, sem birtar eru að tilhlutun ríkisstjórnarinnar.

Alþingi, síðasta vetrardag 1924.

Jón Baldvinsson, Jörundur Brynjólfsson.
fundaskrifari, frsm. meiri hl.

Bernharð Stefánsson.